

Kennsluefni: efni frá kennara birt í Innu

Kaflar	Helstu atriði	Helstu námsmarkmið	Verkefni
1. Steindir <b>Vika 35-36</b>	Frumsteindir og holufyllingar	Þekkja algengustu frumsteindir og holufyllingar. Gera sér grein fyrir myndun þeirra	Verkefni úr kaflanum
2. Berg <b>Vika 37-38</b>	Storkuberg Gosberg og djúpberg Innskotsberg og gosbergsmyndanir	Gera sér grein fyrir innri og ytri einkennum storkubergs. Þekkja helstu gerðir af gosbergi og djúpbergi. Þekkja helstu innskotsmyndanir og gosbergsmyndanir. Gera sér grein fyrir flokkun gosbergsmyndana í gjósku og föst gosefni.	Verklegt: greina sýni Verkefni úr kaflanum
3. Íslenskar eldstöðvar <b>Vika 39-40</b>	Basalteldstöðvar og megineldstöðvar Gos undir jökli/í vatni	Að þekkja flokkun íslenskra eldstöðva í basalt- og megineldstöðvar og á hverju flokkunin byggir þ.e. kvikugerð og mismunandi eldvirkni. Þekkja það ferli sem á sér stað þegar gos verður undir jökli eða í vatni/sjó.	Verkefni úr kaflanum Mynd
4. Jarðhiti <b>Vika 41</b>	Lekt Lág- og háhitasvæði Nýting jarðhita	Vita hvað skilur að lág- og háhitasvæði og þekkja muninn á milli svæðanna. Að geta tengt jarðhitann við eldvirknina og gera sér grein fyrir því hvernig við nýtum jarðhitann.	Verkefni úr kaflanum <b>Próf úr 1-4. kafla</b>
5. Jarðskjálftar <b>Vika 42</b>	Stærð skjálfta Skjálftabylgjur Misgengi Jarðskjálftasvæði	Gera sér grein fyrir stærð skjálfta og um hverskonar skjálftabylgjur er að ræða. Þekkja helstu gerðir misgengja. Vita hvar helstu jarðskjálftasvæði jarðar liggja og hversvegna.	Verkefni úr kaflanum Mynd
6. Höggun <b>Vika 43</b>	Innri gerð jarðar Flekakenningin Mörk flekana Landrekskenningin	Gera sér grein fyrir innri skiptingu jarðar í kjarna, möttul og jarðskorpu. Þekkja flekakenninguna sem skýrir hreyfingar jarðskorpunnar og hvernig jarðskorpan skiptist upp í fleka við annað hvort flekamót eða flekaskil. Geta rakið landrekskenninguna.	Verkefni úr kaflanum
7. Veðrun og rof <b>Vika 44</b>	Veðrun og rof Vindsvörfun Uppblástur og rofabörð	Geta skilgreint veðrun og rof. Þekkja muninn á efnaveðrun og frostveðrun Þekkja rofmátt vindsins og hvernig hann tekur þátt í svörfun yfirborðs jarðar. Gera sér grein fyrir ferli uppblásturs héraendis fram á okkar daga - rofabörð.	Verkefni úr kaflanum

8. Set  <b>Vika 45</b>	Molaberg, efnaset og lífrænt set  Laus jarðlög (jarðvegur) Frostverkanir	Gera sér grein fyrir skiptingu setbergs eftir myndunarhætti í molaberg efnaset og lífrænt set. Þekkja dæmi. Þekkja skiptingu á jarðvegi í þrjú lög. Þekkja hinar ýmsu frostverkanir.	Verkefni úr kaflanum  <b>Próf úr 5-8. kafla</b>
9. Vatn  <b>Vika 46</b>	Grunnvatn  Grunnvatn á Islandi  Íslensk vatnsföll  Landmótun og set  Stöðuvötn	Geta skilgreint grunnvatn, grunnvatnsflöt og jarðrakasvæði Gera sér grein fyrir legu grunnvatns-svæða á Islandi - blágrýti/kvartarsvæði. Gera sér grein fyrir flokkun íslenskra vatnsfalla í lindár, dragár og jökulár - þekkja dæmi. Gera sér grein fyrir svörfun vatns á landslagi - landmótun. Þekkja þróun á farvegum vatnsfalla - bugður og einkennum vatnasetts. Þekkja flokkun íslenskra stöðuvatna.	Verkefni úr kaflanum
10. Jöklar  <b>Vika 47</b>	Gerðir jökla  Jökulsprungur  Landmótun og setmyndun jökla	Þekkja helstu gerðir jökla hérlendis - og flokkun þeirra eftir legu og útliti. Gera sér grein fyrir gerðum sprungna í í jöklum. Þekkja til landmótunar og setmyndunar í jökulrænu umhverfi.	Verkefni úr kaflanum  Mynd
11. Jarðsaga Islands  <b>Vika 48</b>	Blágrýtismyndun og kvartermyndun/ísöld    Síðjökultími og nútími	Blágrýtismyndunin (tertíer) - þekkja til eldvirkni, megineldstöðva, ummyndunar og millilaga. Gera sér grein fyrir loftslagi á tertíer og flóru/fánu hérlendis. Gera sér grein fyrir aðstæðum á ísöld geta borið saman við tertíer. Þekkja helstu einkenni jarðlaga á ísöld og geta nefnt dæmi. Gera sér grein fyrir því sem er að gerast á síðjökultíma - sjávarstöðubreytingar. Þekkja skiptingu skeiða innan nútíma.	Verkefni unnið í tíma úr öllum köflunum

**Kennsluhættir:** sex 40 mínútna kennslustundir á viku

**Námseinkunn** vegur 50% af lokaeinkunn í jarðfræði í 4. bekk og reiknast á eftirfarandi hátt:

Kaflapróf	40%
Verkefni	40%
Mat kennara	20%

**Stúdentseinkunn** (lokapróf) vegur 50% af lokaeinkunn. Með fyrirvara um breytingar.

Gangi þér vel, Ólöf, Sirrý og Ingibjörg